

## AUSTURLEIÐ UM HRAFNKELSDAL, FLJÓTSDALSHÉRÐI Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð Austurleið um Hrafnkelsdal, Fljótisdalshéraði kunnist að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á því að um er að ræða framkvæmd sem staðsett er á svæði þar sem menningarminjar frá landnámi kunna að vera í hættu sem og gróður og fuglalíf á viðkvæmu hálendissvæði. Jafnframt liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um tilhögun framkvæmdanna og úttekt á fornleifum, gróðri og fuglum hefur ekki farið fram í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Einnig vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreind eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.:

- Eðli framkvæmdar, einkum m. t. t. stærðar og umfangs mannvirkja.
- Staðsetningu framkvæmdar þ.e. hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á m.t.t. svæða sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þ.e. votlendi; svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum og álagspóls náttúrunnar einkum með tilliti til hálendissvæða.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. maí 2008.

## INNGANGUR

Þann 1. ágúst 2007 tilkynnti Vegagerðin til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna um fyrirhugaðar framkvæmdir við Austurleið um Hrafnkelsdal í Fljótsdalshéraði.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 22. nóvember 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 1. október 2007 og 22. febrúar 2008, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 7. október 2007 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 26. september 2007 og 30. janúar 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 26. október 2007.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að Fljótsdalshérað hafi óskað eftir að könnuð yrði lagning vegar um Hrafnkelsdal, frá núverandi vinnubúðum í Glúmsstaðadal, við aðgöng 3 í Kárahnjúkavirkjun, niður að Laugarhúsum í Hrafnkelsdal, um 5,9 km leið. Forsenda þessarar tengingar sé að núverandi vegslóði að aðgöngum 3 verði látinn standa áfram. Með þessum vegi fái st mun betri tenging milli Jökuldals og Vesturöræfa. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en bæta samgöngur á svæðinu nokkuð. Með tilkomu vegar um Hrafnkelsdal verði afnumin illfær leið úr Hrafnkelsdal inn á hálandið. Framkvæmdin felist í efnistöku, byggingu ræsa og uppbyggingu vegar á svæðinu. Til skoðunar séu tvær leiðir frá vinnubúðum í Glúmsstaðadal niður í Hrafnkelsdal. *Leið A* liggja frá vinnubúðum við aðgöng 3 í Glúmsstaðadal, vestur yfir Glúmsstaðadalsá og meðfram henni og síðan Hrafnkelu. Meðfram Hrafnkelu fari veglínan um gróið mólendi og kjarrlendi með nokkrum skorningum. Á milli stöðva 1300 og 1500 liggja línar um votlendi sem sé áætlað um 3 ha að stærð. Veglína fari yfir Hrafnkelu á áreyrum á milli stöðva 2200 og 2400 og sameinist línu B og liggja þar meðfram ánni að austanverðu um nokkuð jafnt hallandi land niður að túnum, sem séu um 3 km ofan við bæinn Aðalból. Gert sé ráð fyrir að setja þurfi 4-5 m breitt ræsi í Glúmsstaðadalsá en farið verði á vaði yfir Hrafnkelu fyrst í stað. *Leið B* liggja frá vinnubúðunum meðfram Glúmsstaðadalsá að austanverðu niður að Þuríðardalsá. Veglínan liggja um nokkuð gróið mólendi. Við stöð 900 fari veglínan yfir Þuríðardalsá og síðan niður með Hrafnkelu að austanverðu um mólendi með skorningum. Veglínar sameinist *Leið A* við stöð 2400 eins og áður er lýst. Hæsta vegfylling á *leið A* sé áætluð um 8 m þar sem farið sé yfir Glúmsstaðadalsá og um 10 m við þverun Þuríðardalsár á *leið B*. Vegskeringar séu litlar og fáar á báðum leiðum. Gert sé ráð fyrir að vegur verði um 6 m breiður og lítillga uppbyggður. Ekki sé gert ráð fyrir frekari framkvæmdum við veg ofan eða neðan við fyrirhugaðan framkvæmdakafla. Vegagerðin telur að lína A sé betri kostur.

Fram kemur að áætluð efnisþörf í verkið sé um 60.000 m<sup>3</sup> og efnið komi úr haugsettu efni við aðgöng 3 og úr skeringum. Jafn mikið efni þurfi í leiðir A og B. Efni úr skeringum sé áætlað um 22.000 m<sup>3</sup> á *leið A* en um 13.000 m<sup>3</sup> á *leið B*. Gert sé ráð fyrir þeim möguleika að taka mól og grjót úr Hrafnkelu en talsvert rof hafi verið úr bökkum hennar undanfarið.

Fram kemur að í útboðsgögnum verði greint frá því hvernig haga skuli frágangi efnistökuastaða, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verði að haga framkvæmdum

þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og efnistökuverði verði ekki hafðir opnir lengur en nauðsyn krefur. Við uppgræðslu verði farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verði gróðurtegundum sem henti fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Að ósk sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs verði vegur að Aðgöngum 3 látinn standa áfram, í stað þess að jafna hann út eins og gert sé ráð fyrir í sérstöku svæðisskipulagi og mati á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Fram kemur að framkvæmdin sé í landi Valþjófsstaðar og Aðalbóls. Beitarhús og tún séu þar sem veglínur endi í Hrafnkeldal. Svæðið sé að einhverju leiti nýtt til beitar. En áhrif á landnotkun muni verða hverfandi. Vegur liggja við mörk eða lítillaga inni á svæði sem er á Náttúruminjaskrá, þ.e. Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur, N-Múlasýslu. Framkvæmdin muni hafa mjög lítil áhrif á þetta svæði þar sem fyrir sé vegslóði að aðgöngum í Glúmsstaðadal.

**Áhrif á landslag og jarðmyndanir.** Fram kemur að framkvæmdin muni hafa áhrif á landslag þar sem nýr vegur fari um óraskað land á stórum hluta leiðarinnar. Skeringum og fyllingum verði haldið í lágmarki. Stuttir hlutar beggja leiða liggja um áreyrar Hrafnkelu. Hæsta fylling miðað við leið A sé um 8 m yfir Glúmsstaðadalsá og á leið B um 10 m yfir Þuríðardalsá. Fyrir sé vegur frá Kárahnjúkavegi niður að vinnubúðum í Glúmsstaðadal sem verði látinn standa áfram. Reynt verði að halda raski á landi í lágmarki og skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verði áhersla á að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Skammt ofan við þar sem lína A fari yfir Glúmsstaðadalsá séu bergmyndanir sem líkist stuðlabergi en séu þversprungnar. Aðrar merkar jarðmyndanir séu ekki þekktar. Vegur muni ekki hafa áhrif á merkar jarðmyndanir.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að veglínurnar liggja um gróna lyngmóa og kjarrlendi þar sem fjalldrapi, gulvíðir og loðvíðir séu áberandi. Veglína A liggja á um 300 m löngum kafla um votlendi sem sé áætlað um 3 ha að stærð. Veglínan liggja neðarlega í votlendinu. Stærð votlendis sem skerðist verði metin áður en framkvæmdir hefjist, með hugsanlega endurheimt í huga. Sáð verði í vegkanta eftir því sem við eigi. Gróft áætlað muni annað gróðurlendi skerðast um 2,8 ha en ekki sé gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum vegna þess. Ekki hafi verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla sé að finna á framkvæmdasvæðinu eða í nágrenni þess. Reiknað sé með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfur verði óveruleg. Gróðurlendi muni þó skerðast lítillaga þar sem vegur fari yfir óraskað land. Votlendi muni skerðast að einhverju leiti. Framkvæmdin geti haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum standi. Reiknað sé með að áhrif á dýralíf verði óveruleg.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að skammt innan við Faxagil vestan við Hrafnkelu séu rústir sem séu jafnvel taldar vera frá því fyrir árið 1000. Veglína A liggja talsvert frá þeim. Nálægt veglínu B, norðan við Þuríðardalsá, sjáist minjar um gamla heytóft. Mögulegt sé að framkvæmdirnar hafi áhrif á fornminjar og þurfi fornleifafræðingur að fara yfir svæðið til að meta hættuna. Mögulegt sé að hægt verði að færa veglínu til að hlífa minjum en annars yrði farið í nánari könnun í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur að Fljótsdalshérað og Heilbrigðiseftirlit Austurlands telji að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki unnt að gefa umsögn um umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Fornleifavernd ríkisins telur að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Umfang framkvæmda.** Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um stærð og gerð mannvirkja, þ.m.t. vegflokk og vegbreidd vanti. Einnig vanti upplýsingar um umfang fyllinga í árfarvegum, staðsetningu, umfang og frágang skeringa; hæð vegar í Hrafnkelu ásamt rofvörn og öryggissvæði. Umhverfisstofnun telur að betri upplýsingar þurfi um gerð og staðsetningu framkvæmdanna til að unnt sé að gefa rökstutt álit um möguleg umhverfisáhrif.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Fljótsdalshérað fari fram á að vegurinn verði í sama vegflokk og vegurinn upp Efri Jökuldal, þ.e. í vegflokki C2. Samkvæmt því yrði vegurinn 6,5 m breiður með 80-90 km hönnunarhraða og að hann verði lagður bundnu slitlagi í framtíðinni. Til að byrja með verði vegurinn gerður fær með ræsi í Glúmstaðadalsá og fyllingu þar yfir. Niður að Faxagili sé gert ráð fyrir að vegur verði í 50-100 cm hæð. Sett verði ræsi þar sem þörf er á. Á eyrunum neðan Beitarhúsa verði núverandi slóð lagfærð með lágmarks aðgerðum ásamt lagfæringum á vöðum. Gert er ráð fyrir að vöð verði eingöngu fær jeppum og stærri bílum. Þegar horft sé til framtíðar og hugsanlegra fjárveitinga þá verði vegurinn niður frá Glúmstaðadalsá og niður að Faxagili lagfærður í hæfilega veghæð á sama stað, en þaðan og niður að Aðalbóli gæti komið til greina að breyta veglínu og fara meðfram hlíðinni vestan Hrafnkelu og losna þannig við að byggja brýr á ána. Farið yrði eftir árfarveginum eins nálægt hlíðinni og skynsamlegt þyki og búnað til varnir gegn ágangi árinna. Vegur hafi ekki verið hannaður og því sé ekki hægt að segja til um stærð fyllinga í árfarvegi nema mjög gróflega. En í kynningarskýrslu komi fram að gert sé ráð fyrir 8-10 m hárrí fyllingu þar sem hún værdi hæst, háð leiðarvali. Sé gert ráð fyrir vegfláa 1:1,5 megi gera ráð fyrir 30-40 m breiðri fyllingu og enn breiðari sé vegflái meiri. Vegur hafi ekki verið hannaður og því sé ekki hægt að segja til um skeringar og fyllingar. Í greinargerð sé áætlað magn í veg og úr skeringum en það sé gróft mat byggt á langsníði veglínu í landlíkani. Ekki sé unnt að gera grein fyrir vegi í farvegi Hrafnkelu þar sem vegurinn hafi ekki verið hannaður.

**Áhrif á gróður.** Umhverfisstofnun bendir á að gera þurfi ítarlegri grein fyrir gróðurfari á fyrirhuguðu vegsvæði.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að gróður hafi ekki verið skoðaður á umræddu svæði nema mjög lauslega í vettvangsferðum og af loftmyndum. Vegagerðin telji að gróðurkafla í kynningarskýrslu sé nægjanlegur til þess að meta hvort framkvæmdin þurfi í mat á umhverfisáhrifum, en þar komi fram hvers konar gróður sé á svæðinu og áætluð stærð votlendis sem veglína liggi mögulega um. Svæðið frá enda þess kafla sem fjallað sé um og niður að Aðalbóli hafi ekki verið skoðað, þar séu gróðurlendi svipuð, en meira sé um grónar og ógrónar áreyrar. Það svæði sé að einhverju leiti þegar raskað vegna vegslóða sem þar er í dag. Í skýrslum vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar sé lítið að finna um gróður í Hrafnkelsdal fyrir utan að þar er sögð vera ókortlögð giljamóavist sem verði að teljast hafa nokkuð hátt verndargildi. Á loftmyndum sjáist að veglínur fari yfir nokkra skorninga sem gætu talist giljamóavist en ekki sé hægt að sjá á þessu stigi hvort svo sé. Þessir

skorningar séu það fáir og litlir að Vegagerðin telji að vegur muni ekki hafa teljandi áhrif.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifar hafi ekki verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fornleifavernd ríkisins tekur undir það sem fram komi í skýrslu Vegagerðarinnar að á svæðinu kunni að vera fornleifar sem orðið geti fyrir áhrifum vegna vegagerðarinnar. Stofnunin er einnig sammála því álitni Vegagerðarinnar að nauðsynlegt sé að fornleifafræðingur verði fengin til að kanna fornleifar á svæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur mikilvægt að úttekt á fornleifum og áhrif mismunandi vegkosta á fornleifar liggi fyrir áður en ákvörðun verður tekin um staðsetningu veglínunnar. Til að tryggja að svo verði telur Fornleifavernd ríkisins að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að svæðið fyrir báðar veglínur verði skoðað, m.t.t. áhrifa á fornleifar, áður en endanleg ákvörðun um veglínu verður tekin. Vegagerðin telur ekki að það sé nauðsynlegt að fara í mat á umhverfisáhrifum til að tryggja að athugun á fornleifum fari örugglega fram.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að Fornleifaverndin dragi ekki í efa vilja Vegagerðarinnar til að kanna fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Slík úttekt liggi ekki fyrir og því geti Fornleifavernd ríkisins ekki lagt mat á áhrif veglínanna sem lagðar hafi verið fram, á fornleifar. Mati á umhverfisáhrifum sé m.a. ætlað að tryggja að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um þá þætti sem kunni að verða fyrir áhrifum framkvæmdar og að umsagnaraðilum og öðrum þeim sem framkvæmdin varðar gefist tækifæri til að tjá sig um hana.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 5,9 km vegar um Hrafnkelsdal, frá núverandi vinnubúðum í Glúmstaðadal, við aðgöng 3 í Kárahnjúkavirkjun, niður að Laugarhúsum í Hrafnkelsdal. Forsenda þessarar tengingar er að núverandi vegslóði að aðgöngum 3 verði látinn standa áfram. Með þessum nýja vegi fæst mun betri tenging milli Jökuldals og Vesturöræfa. Framkvæmdin er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Valkostir og hönnun mannvirkja.** Í greinargerð Vegagerðarinnar hefur komið fram að enn sé ýmislegt óljóst við hönnun og staðsetningu vegarins. Á eyrunum neðan Beitarhúsa verður núverandi slóð lagfærð með lágmarks aðgerðum ásamt lagfæringum á vöðum. Gert er ráð fyrir að vöð verði eingöngu fær jeppum og stærri bílum. Síðar verði vegurinn niður frá Glúmstaðadalsá og niður að Faxagili lagfærður í hæfilega veghæð á sama stað, en þaðan og niður að Aðalbóli gæti komið til greina að breyta veglínu og fara meðfram hlíðinni vestan Hrafnkelu og losna þannig við að byggja brýr á ána. Farið yrði eftir árfarveginum eins nálægt hlíðinni og skynsamlegt þyki og búnað til varnir gegn ágangi árinna. Vegur hafi ekki verið hannaður og því sé ekki hægt að segja til um stærð fyllinga í árfarvegi nema mjög gróflega. Sé gert ráð fyrir vegfláa 1:1,5 megi gera ráð fyrir 30-40 m breiðri fyllingu og enn breiðari verði vegflái meiri. Jafnframt sé ekki hægt að segja til um skeringar og fyllingar. Áætluð efnisþörf í veg og efnismagn úr skeringum hafi verið metið gróflega út frá langsniði vegar í landlíkani. Á þessu stigi sé ekki unnt að gera grein fyrir vegi í farvegi Hrafnkelu þar sem vegurinn hafi ekki verið hannaður.



Skipulagsstofnun telur að margt sé óljóst um hönnun fyrirhugaðs vegar en nauðsynlegt sé að fyrir liggi mat á helstu umhverfisáhrifum vegarins. Niðurstöður matsins eru nauðsynlegur grundvöllur við val á kostum og útfærslu vegarins.

**Áhrif á menningarminjar.** Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að skammt innan Faxagils séu rústir sem hugsanlega séu frá því fyrir árið 1000. Leið A komi til með að þvera Hrafnkelu skammt ofan þeirra. Ekki kemur fram hvort þverun Hrafnkelu kunni að hafa áhrif á rof úr bökkum neðan þverunnar og að með því geti skapast hætta á því að rústirnar spillist. Þess utan hefur fornleifaskráning ekki farið fram og því er Fornleifavernd ríkisins ókleift að leggja mat á umhverfisáhrif framkvæmdanna og gera upp á milli þeirra veglína sem koma til greina. Þá komi einnig til greina að leggja veginn frá Faxagili og niður að Aðalbóli á þeim slóðum sem rústir er að finna.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi fyrirbyggjandi gagna kunni framkvæmdirnar að hafa í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á fornleifar.

**Áhrif á gróður og fugla.** Í gögnum Vegagerðarinnar hefur komið fram að fyrirhugaður vegur liggi um gróna lyngmóa og kjarrlendi þar sem fjalldrapi, gulvíðir og loðvíðir séu áberandi. Veglína A liggi á um 300 m löngum kafla um votlendi sem sé áætlað um 3 ha að stærð. Veglínin liggi neðarlega í votlendinu. Ekki hafi verið metin stærð þess votlendis sem skerðist en gert er ráð fyrir að annað gróðurlendi muni skerðast um 2,8 ha og ekki sé gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum vegna þess. Ekki hafi verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla sé að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess. En í gögnum vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar komi fram að í Hrafnkelsdal er sögð vera ókortlögð giljamóavist sem verði að teljast hafa nokkuð hátt verndargildi.

Skipulagsstofnun telur verulega óvissu ríkja um verðmæti og verndargildi gróðurs á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Þó virðast fyrirbyggjandi gögn benda til að verndargildi giljamóavistarinnar sem þar er teljist nokkuð hátt. Stofnunin telur brýnt að upplýsingar um áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla liggi fyrir þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda, ekki síst í ljósi þess að framkvæmdirnar eru í töluverðri hæð og gróður því mun viðkvæmari heldur en á láglandi. Auk þess sem slíkar upplýsingar verða að liggja fyrir svo unnt sé að gera upp á milli valkosta.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð Austurleið um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á því að um er að ræða framkvæmd sem staðsett er á svæði þar sem menningarminjar frá landnámi kunna að vera í hættu sem og gróður og fuglalíf á viðkvæmu hálendissvæði og að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um tilhögun framkvæmdanna og úttekt á fornleifum, gróðri og fuglum hefur ekki farið fram í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Skipulagsstofnun telur að til þess að upplýst ákvarðanatöku geti átt sér stað varðandi umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar sé nauðsynlegt að fá betri vitneskju um útfærslu fyrirhugaðs vegar, menningarminjar, gróður og fugla.

Einnig vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreind eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.:

- Eðli framkvæmdar, einkum m. t. t. stærðar og umfangs mannvirkja.

- Staðsetningu framkvæmdar þ.e. hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á m.t.t. svæða sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þ.e. votlendi; svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum og álagspols náttúrunnar einkum með tilliti til hálendissvæða.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. maí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

